

Miðvikudaginn 3. febrúar 1993.

Nr. 50/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Donald Feeney.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, a- og b-liður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. janúar 1993, sem barst réttinum 1. febrúar sama ár. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Málavextir eru raktir í úrskurðinum. Kærandi, Erna Eyjólfsdóttir, fór með dætur sínar báðar frá New York til Íslands 2. maí 1992. Voru þá í gildi bráðabirgðaúrskurðir dómstóla í Flórída, sem bönnuðu för dætranna úr lögsagnarumdæmum dómstólanna, en yfir stóðu málaferli varðandi forræði dætranna. Fedrum dætranna var síðan dæmt forræðið, eftir að Erna var farin með þær til Íslands, og var ekki mætt af hennar hálfu, þegar forræðismálin voru tekin til frekari dóms. Dómar þessir liggja fyrir í málinu, og bera þeir þess merki, að ekki var mætt nema af hálfu fedranna. Dómum þessum verður ekki framfylgt á Íslandi. Hér á landi hefur móðirin umsjá dætranna, meðan rétt íslensk yfirvöld gera ekki á því aðra skipan.

Varnaraðili viðurkennir, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki, sem meðal annars vinni að því að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Hann og fyrirtæki hans eru grunuð um að hafa veitt James Brian Grayson og Frederick Pittmann aðstoð við að ná umsjá dætra þeirra og Ernu Eyjólfsdóttur frá henni án atbeina réttra íslenskra yfirvalda og beitt blekkingum í því skyni. Telur sóknaraðili ætluð brot hans geta varðað við ákvæði 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er því nauðsyn að tryggja

návist varnaraðila og koma í veg fyrir, að hann hafi samband við vitni eða aðra aðila, sem gætu verið við málið riðnir. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili var handtekinn um kl. 7.00 að morgni 27. janúar. Hann var leiddur fyrir dómara kl. 14.15 28. janúar. Rétt hefði verið að gera það fyrr, sbr. 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en efni eru þó ekki til, að þetta atriði eitt sér leiði til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að Donald Michael Feeney, fæddum 21. október 1953 í New York, til heimilis í Bandaríkjunum, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til dómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði, Donald Michael Feeney, er grunaður um brot gegn 193. gr. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá feðra sinna.

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur kærða vena grunar um brot gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði er undir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðar hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut meint athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda varðandi forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann héldi aftir til ættlands síns. Kærði hefur viðurkennt, að hann veiti forstöðu og reki fyrirtæki í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggis-

málum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landi ásamt öðru fólki. Þá hefur komið fram, að kærði hefur hlotið sérstaka þjálfun í sérsveitum Bandaríkjahers og hefur starfað sem hermaður og lögreglumaður á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum. Allt þetta þykir gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákærvaldsins um, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rann út í dag, allt þar til dómur hefur verið kveðinn upp í máli hans, en þó eigi lengur en til 3. mars 1993 kl. 16.00.
